



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 -10

150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/484**  
**komudagur 2.12.2013**

2. desember 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir (færanleg starfsemi og EB-gerðir: umhverfismerki, loftgæði og efri losunarmörk), 95. mál.**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, SVP – Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fiskvinnustöðva og Landssamband íslenskra útvegsmanna skila hér með sameiginlegri umsögn um málið.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þá skiluðu samtökin umsögn um málið þegar það var síðast til umfjöllunar á Alþingi (141. þing, 287. mál) og eins leitaði umhverfis- og auðlindaráðuneyti umsagnar samtakanna á sínum tíma um drög að fyrirliggjandi frumvarpi. Í greinargerð með frumvarpinu og athugasemdum er fjallað um athugasemdir samtakanna. Þrátt fyrir það ítreka samtökin fyrri athugasemdir að verulegu leyti.

Frumvarpið tekur til þriggja óskyldra efnisþátta þ.e. umhverfismerkja, færanlegrar starfsemi, og innleiðingu EB tilskipana um loftgæði. Felldur hefur verið brott einn hluti fyrra frumvarps sem fjallaði um starfsleyfi og endurnýjun þeirra. Það er vel.

Hér á eftir verður fjallað sérstaklega um hvern hinna þriggja efnisþátta.

### **Umhverfismerki**

Í frumvarpinu (1. gr., 2. gr.a. og 3. gr.a.) er fjallað um umhverfismerkin Svaninn og Blómið sem eru opinber umhverfismerki á Norðurlöndum og á Evrópska efnahagssvæðinu. Enginn áhugi hefur verið hér á landi á Blóminu og er því frekari umfjöllun um það sleppt þótt efnislega gildi um það svipuð sjónarmið.

Svanurinn hefur verið byggður upp með fjárveitingum frá Norðurlandaráði og stuðningi stjórnvalda á Norðurlöndum. Frá tilkomu Svansins hafa sjálfstæð einkarekin umhverfismerki og vottunaraðilar náð verulegri útbreiðslu. Vottun og veiting umhverfisviðurkenninga er því orðin eins og hver annar samkeppnisrekstur og hlýtur að koma til skoðunar hvort eðlilegt sé að ríkið reki starfsemi af þessu tagi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun annist umsjón löggjafarinnar og daglegan rekstur Svansins. Samtökin telja nauðsynlegt að Svanurinn verði sjálfstæð rekstrareining og að fjárhag merkisins sé ekki blandað saman við annan rekstur Umhverfisstofnunar. Í kynningarefni Svansins er Umhverfisstofnun áberandi og allt kynningarefni er merkt stofnuninni. Samtökin telja mikilvægt að hverfa frá þessari sterku tengingu milli stofnunarinnar og Svansins. Eins og áður segir er Svanurinn studdur af opinberu fé á Norðurlöndum en hvergi er tenging milli hins opinbera og Svansins sýnileg. Mikilvægt er að þetta skref sé stigið héraðs og Svaninum leyft að þroskast og standa á eigin fótum, sem sjálfstæðu umhverfismerki sem keppir við önnur sjálfstæð umhverfismerki. Í frumvarpinu eru ákvæði um skyldur Umhverfisstofnunar varðandi kynningarmál sem gætu fest í sessi þessi sterku tengsl

milli stofnunarinnar og Svansins. Samtökin telja það ranga þróun. Lagatextinn þarf að endurspeglja sjálfstæði Svansins, þótt hann sé studdur af opinberum aðilum. Einnig verður að hafa í huga 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 þar sem unnt er að krefjast þess að opinber rekstur í samkeppni við einkarekin umhverfismerki og ráðgjöf verði að vera fjárhagslega og stjórnumarlega aðskilinn Umhverfisstofnun. Einnig segir í tilvitnaðri grein: „Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.“

Ákvæðin í samkeppnislögum öðlast sérstaka og þyngri merkingu þegar 3. mgr. 3. gr. a. er höfð í huga en þar segir: „Þá getur Umhverfisstofnun, gegn sérstöku gjaldi, veitt þeim fyrirtækjum ráðgjöf sem hyggjast auka innkaup sín á umhverfismerktum vörum.“ Lagt er til að þetta ákvæði falli brott. Samtökin telja óeðlilegt vegna samkeppnissjónarmiða að stofnunin veiti ráðgjöf gegn gjaldi um notkun umhverfismerkja sem hún sjálf veitir. Stofnunin er í samkeppni á tveimur sviðum ef þetta verður að lögum, annars vegar um veitingu umhverfismerkis og hins vegar við ráðgjafa á almennum markaði. Umhverfisstofnun er stjórnvaldsstofnun sem halda þarf hlutleysi gagnvart þessum aðilum. Nú þegar er stofnunin ráðgjafi vegna vistvænna opinberra innkaupa og er í aðstöðu til að hvetja opinbera innkaupaaðila til að beina viðskiptum að umhverfismerki sem hún sjálf sér um, umfram önnur umhverfismerki. Hagsmunaárekstrar sem stofnunin getur staðið frammi fyrir undirstríkar mikilvægi þess að Svanurinn verði sjálfstæð rekstrareining. Á undanförunum árum hefur fjölgað mjög aðilum á markaði sem veita fjölbreytta ráðgjöf á sviði umhverfismála og óeðlilegt að Umhverfisstofnun auki umsvif sín á því sviði.

Það skýtur skökku við að gjaldskrá Svansins sbr. 5. mgr., 3. gr. a. eigi að taka mið af gjaldskrá merkisins á Norðurlöndum. Hér er um að ræða þjónustugjald sem hlýtur að taka mið af kostnaði við að veita þjónustuna. Svanurinn er rekinn sjálfstætt á Norðurlöndum og þrátt fyrir að njóta opinbers stuðnings að einhverju leyti skapast síður sú hættu að tekjum sé varið í aðra óskylda starfsemi. Eru þetta enn frekari rök til þess að skilja umsýslu Svansins frá starfsemi Umhverfisstofnunar.

### Færanleg starfsemi

Samtökin hafa miklar áhyggjur af ákvæðum frumvarpsins um færanlega starfsemi (sbr. 1. gr., 2. gr.c. og 3. gr.c.) og leggja til að ákvæðið verði fellt úr frumvarpinu og málið láta bíða afar brýnnar endurskoðunar á lögum nr. 7/1998. Ástæðan er sú að heilbrigðiseftirlitin eru sjálfstæð og geta lagt mismunandi mat á þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum til ákveðinnar starfsemi. Samkvæmt lögnum annast eftirlit með þeim 11 sjálfstæðar eftirlitsstofnanir þ.e. 10 umdæmi heilbrigðiseftirlitsins auk Umhverfisstofnunar. Þannig geta komið upp tilvik þar sem heilbrigðiseftirlit á einu svæði metur tiltekna kröfur í starfsleyfi öðru vísi en ætlunin var að gert yrði af því umdæmi sem leyfið gaf út. Samtökin geta í sjálfu sér tekið undir að á ferðinni sé ákveðinn vandi en telja unnt að gera það öðru vísi en að fjölga eftirlitsaðilum sem fjalla um tiltekna starfsemi sem eðli síns vegna getur færst á milli umdæma. Dæmin sanna að kröfur heilbrigðiseftirlitsumdæma geta verið mismunandi og óbodlegt að fyrirtæki sem uppfyllir allar kröfur í einu umdæmi geti átt von á öðrum viðbrögðum við það að fara á milli landsvæða. Einnig geta aðrir hagsmuni viðkomandi sveitarfélaga haft áhrif á það hvernig einstök mál eru meðhöndluð eftir svæðum og samtökin hafa ítrekað bent á það sé óeðlilegt að umfangsmiklir atvinnurekendur eins og sveitarfélögin annast eftirlit með eigin starfsemi og annarra.

Samtökin telja afar brýnt að ráðist verði í heildarendurskoðun eftirlitskerfis hins opinbera með atvinnulífínu. Nú sinna fjölmargar stofnanir eftirlitinu, starfsemi þeirra skarast á fjölmörgum sviðum og verkaskipting oft óljós. Enginn vafi er á að unnt er að ná fram mikilli hagræðingu og einföldun á þessu sviði, draga úr fyrirhöfn og kostnaði fyrirtækja og lækka útgjöld hins opinbera. Samtökin leggja gegn öllum bútasami til að draga úr meintum ágöllum á núgildandi lögum og hvetja til heildarendurskoðunar á lögnum. Að auki eru engin dæmi nefnd í frumvarpinu og greinargerð með því um hvaða vandræði hafa hlotist af lögnum eins og þau eru nú.

### Loftgæði

Með frumvarpinu er ætlunin að leiða í lög tilskipanir ESB (2008/50/EB og 2001/81/EB) og sér þess stað í 2. gr.b., 3. gr.b. og 4. gr. Samtökin gera ekki athugasemdir við þessar tilskipanir enda leggja þær



alls ekki sértækar kvaðir á fyrirtæki heldur fjalla um almenn loftgæði hvernig þau skuli metin og hvernig bregðast skuli við bæði á landsvísu og í héruðum ef loftgæði fara yfir tiltekin mörk. Þannig fjalla tilskipanirnar um dreifðar uppsprettur sem geta verið margar - stórar og smáar. Uppsprettur geta verið frá athöfnum einstaklinga, bænda, fiskiskipa, sveitarfélaga, almenns atvinnurekstrar, stórra og lítilla fyrirtækja eða starfsemi hins opinbera. Engin ákvæði tilskipananna leggja kvaðir á einstök fyrirtæki.

Samtökin mótmæla því eindregið almennu ákvæði sem felst í 1. mgr. 3.gr. b. og seinni hluta málsliðar í 2. mgr. sömu greinar. Með þessum ákvæðum er ætlunin að leggja meiri kvaðir á atvinnulífið hér en almennt á Evrópska efnahagssvæðinu og samt ná ákvæðin einungis til hluta þeirra athafna sem haft geta áhrif á loftgæði bæði á landsvísu og staðbundið. Það er eindregið lagt til að þessum ákvæðum verði breytt enda skapa þau m.a. hættu á mismunun.

Samtökin leggja jafnframt til að áður en Umhverfisstofnun fer að krefja fyrirtækin um upplýsingar um loftgæði og losun mengandi efna út í andrúmsloftið skuli stofnuninni gert að kanna hvort slíkar upplýsingar liggja þegar fyrir hjá stofnuninni í skýrslum fyrirtækjanna sem skilað er samkvæmt kröfum í starfsleyfi, lögum um loftslagsmál, skýrslum um grænt bókhald og öðrum gögnum sem stofnunin hefur undir höndum. Það verði einungis þegar upplýsingar liggja ekki þegar fyrir sem unnt er að leggja nýjar kröfur um gagnaskil á fyrirtækin.

Virðingarfyllt,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva




f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu útvegsmanna



f.h. Samtaka iðnaðarins



f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



f.h. Landssambands íslenskra